

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 8. tbl. 6. árg. 12. apríl 2012

Myndir augnabliksins eru teknar af heimasíðu Hlíðarskóla á útvistardegi í Hlíðarfjalli.



Afmælismarkið úr mósaík í samstarfi við Rósenborg.

Um miðjan apríl munu nemendur í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar hefjast handa við að vinna mósaík-verk af afmælismarki Akureyrarbæjar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Rósenborg sem býður skólunum vinnuáðstöðu og handleiðslu með verkefninu. Hver skóli fær einn dag í apríl eða maí í vinnustofu í Rósenborg þar sem nemendahópar frá hverjum skóla vinna að verkinu en því verður skipt í reiti og hver skóli á sinn reit og vinnur hann. Skólarnir ákveða hvernig þeir setja saman nemendahópana en hver skóli getur sent frá einum og upp í þrjá til fjóra 10 manna hópa og má raða hópunum eftir áhugasviði, blanda saman bekkjum o.s.frv. Það eru Jórunn Jóhannesdóttir (Krógabóli) og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir (Oddeyrarskóla) sem hafa umsjón með verkefninu og hafa þær fengið Sigrúnu Björgu Aradóttur, sem er höfundur afmælismarkisins, til að aðstoða við textagerð og einnig hefur Guðrún Elfa Skírnisdóttir, myndmentakennari í Síðuskóla, aðstoðað við útfærslu á mósaík-verkinu.



Sýning á umhverfisverkefni í Giljaskóla.

Í marsmánuði unnu nemendur í Giljaskóla að ýmiskonar verkefnum tengdum neyslu og sóun. Hver árgangur valdi sér viðfangsefni og nú er komið að því að sýna afraksturinn. Verkefnið hafa verið hengd upp á neðsta gangi og er hægt að skoða sýninguna dagana 10.–13. apríl á skólatíma. Margt áhugavert er að sjá, t.d. er hægt að spreyta sig á spurningaleik í tölvu, skoða hve margar fernur safnast hjá einum bekk ef allir drekka safu úr einni fernu á dag, fræðast um dýr sem eru í útrýmingarhættu, berja augum alla óskilamunina sem eru meira en hálfir milljón króna virði og sjá hvað „skutl“ t.d. í sund og á íþróttæfingar kostar. Þessi vinna er hluti af umhverfisvinnu skólans en stefnt er að því að fá Grænfánann á þessu ári.



Innritun í leikskóla Akureyrarbæjar.

Innritun í leikskólana fyrir skólaárið 2012 – 13 hófst um síðustu mánaðarmót. Innritunarferli fer þannig fram að foreldrum barna er sent innritunarbréf og fá þeir 10 daga frest til að taka ákvörðun um hvort þeir þiggja eða hafna því plássi sem þeim er boðið. Þegar foreldrar hafna plássi fyrir börn sín, er foreldri næsta barns boðið pláss. Nú þegar er búið að senda út 240 innritunarbréf. Þegar þeim hefur verið svarað sést hvar enþá eru laus pláss og verður þá innritunarferlinu haldið áfram. Þessi háttur er hafður á til að freista þess að sem flestir komist í þá skóla sem þeir sækja um í aðalvali. Innritað er í skólana eftir kennitölum barnanna. Systkinaforangangur virkar þannig að yngri systkini er tryggð leikskólavist í sama skóla og þeim sem eldri eru, ef eldri systkini eiga 6 mánuði eða meira eftir af leikskólagöngu sinni. Foreldrar barna sem eru að fara í grunnskóla í haust eru því ekki í forgangi með yngri börn sín inn í leikskóla.

Aðsókn í leikskólana er mismikil og sést að þar ræður staðsetning leikskóla miklu. Sum hverfi í bæjarfélaginu eru að „yngjast upp“, sem þýðir að leikskólarnir í þeim hverfum eru mjög ásetnir, á meðan önnur hverfi eru að „eldast“. Af þessum ástæðum er búið að senda innritunarbréf til allra foreldra sem sækja um leikskóla X en í leikskóla Y er eingöngu búið að senda innritunarbréf til foreldra barna sem fædd eru fyrst á árinu 2010 auk foreldra sem eiga eldri börn í þeim leikskóla.

Aðlögun í leikskólana ræðst að mestu leyti af því hvenær elstu börn leikskólans hætta. Undanfarin ár hefur aukist að elstu börnin dvelja í leikskólunum fram að grunnskólagöngu og þar af leiðandi hefur aðlögun í leikskólana dregist fram eftir hausti, þrátt fyrir að leikskólarnir hafi brugðist við með þátttöku aðlögun, þar sem mun fleiri börn eru aðlöguð inn í skólana á sama tíma en áður var.

Stefnt er að því að innrita öll börn sem fædd eru 2010 í leikskóla fyrir haustið. En af fyrrgreindum ástæðum komast ekki allir foreldrar með börn sín í þá skóla sem þeir óska eftir. Í þeim tilvikum er haft samband við viðkomandi foreldra og þeir upplýstir um stöðu mála ásamt því að þeir fá tilboð um aðra leikskóla. Stefnt er að því að foreldrar sem þegar hafa sent inn umsóknir fyrir börn sín, verði búnir að fá svör við umsóknunum fyrir lok maímánaðar.

Sesselja Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi við skóladeild Akureyrarbæjar.

Skóla-akur er vefðimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Áherslur úr skólustefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Markmið: Við skóla Akureyrarbæjar sé vistlegt og vel skipulagt umhverfi og aðstaða sem stuðlar að námsáhuga, sköpunargleði og árangri.

Í góðum skóla...

- er starfsumhverfi hvetjandi, öruggt, hlýlegt og þægilegt.
- er skólalóð vel skipulögð og vel búin.
- er öllum nemendum tryggt fullnægjandi aðgengi að húsnæði skólans.
- er umhverfi nemenda skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í leik og starfi.
- eru aðstæður miðaðar við þarfir, þroska og hæfileika nemenda.
- eru notuð fjölbreytt námsgögn
- er áhersla lögð á fjölpætta hreyfingu og hreyfipörf nemenda mætt í leik og starfi.
- fá nemendur að kynnst náttúrunni af eigin raun með því að kanna, njóta, skoða og gera tilraunir.

Þróunarverkefni á leikskólanum Pálmholti.

Síðastliðið haust hófst þróunarverkefnið sem kallast *Hringrásir allan ársins hring*. Frá áramótum hefur verið fræðsla og umræður um hringrás vatns og mikilvægi þess að hafa nóg af hreinu vatni. Þessi umræða hefur farið fram á öllum deildum og skilningur og áhugi barnanna fer stöðugt vaxandi. Í framhaldinu var rætt um aðgengi annarra þjóða að vatni og ákveðið að safna fyrir vatnstanki fyrir fjölskyldur í Úganda þar sem vatn er af skornum skammti á þurrkatímum. Ákveðið var að safna fyrir tanknum með dósa- og flöskusöfnun í leikskólanum og hafa foreldrar verið mjög duglegir að ljá söfnuninni lið. Börnin hafa síðan farið með kerru úttroðna af flöskum og dósam upp í Réttarhvamm þar sem þau fá skilagjald fyrir. Peningunum er safnað saman í sameiginlegan sjóð og framgangi söfnunarinnar sýnileg á hverri deild. Með verkefninu er unnið að því að styrkja siðferðisvitund og samkennd.



Virkir foreldrar á pólsku.

Nú hafa Heimili og skóli – landsamtök foreldra - gefið út kynningarbæklingana Virkir foreldrar - betri leikskóli, Virkir foreldrar – betri grunnskóli og Virkir foreldrar – betri framhaldsskóli á pólsku. Fjallað er um hlutverk foreldraráða, skólaráða og foreldrafélaga í bæklingunum og hafa þeir fram til þessa eingöngu verið fáanlegir á íslensku. En síðastliðin fimm ár hefur erlendum nemendum fjölgað mikið í skólunum og eru nú 3,2% allra grunnskólanemenda samkvæmt nýlegum tölum frá Hagstofu Íslands. Fjölmennastir eru nemendur með pólskt ríkisfang. Bæklingarnir á rafrænu formi verða sendir í alla skóla landsins.

Nánari upplýsingar á heimasíðu samtakanna: <http://heimiliogskoli.is>

Viðurkenning skólanefndar árið 2012. Tilnefningar.

Skólanefnd hefur frá árinu 2010 veitt einstaklingum og/eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi sé fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til. Nú er komið að því að leita eftir tilnefningum. Allir sem áhuga hafa geta tilnefnt. Frestur til að skila inn tilnefningum er til 3. maí 2012. Hægt er að tilnefna á: <http://www.akureyri.is/skoladeild/vidurkenning-skolaneftdar-2012>

Áskoranir og ævintýr - útinám barna í þéttbýli.

Alþjóðleg ráðstefna um útinám og náttúruleg leiksvæði verður haldin við Menntavísindasvið Háskóla Íslands frá 31. maí til 2. júní 2012. Ráðstefnan mun skapa vettvang fyrir fagfólk og almenning til að deila þekkingu og reynslu á þessu sviði með því að bjóða upp á fyrirlestra, umræður, kynningar og vinnusmiðjur. Fyrirlesarar hafa fjölbreyttan bakgrunn í félags- og uppeldisfræðum, frístunda- og ungmennastarfi, landslagsarkitektúr og á heilbrigðis- og eftirlitssviði. Þeir munu fjalla um útinám, náttúruleg leiksvæði, áhrif náttúrulegs umhverfis á þroska barna og hættumat á Íslandi og erlendis. Ráðstefnan er opin öllum sem starfa við og/eða hafa áhuga á útinámi, sem eru til dæmis kennarar, landslagsarkitektar, verkfræðingar og nemar í þessum greinum, fólk sem vinnur í frístundastarfi, foreldrar og auk þess fulltrúar frá hinu opinbera. **Umsóknarfrestur til skráningar er til 15. apríl 2012.** Nánari upplýsingar er að finna á www.utinam.hi.is. Einnig er hægt að hafa samband í síma 892 6804 eða senda fyrirspurn á utinam.island@hi.is.